

AUGLÝSING um deiliskipulag í Ísafjarðarbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Nýtt deiliskipulag. Hlíðargata, Þingeyri.

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Hrafnseyrarvegi, Brekkugötu, Hrunastíg og opnu svæði og er ætlað undir íbúðarbyggð við Hlíðargötu á Þingeyri.

Helstu markmið með deiliskipulagi fyrir íbúðarsvæði við Hlíðargötu eru að fjölga lóðum fyrir íbúðarhús og auka möguleika á fjölbreyttri stærð húsa, móta aðlaðandi umhverfi með tengsl við náttúru svæðisins ásamt ákvæðum um uppbyggingu á svæðinu og gæði hins byggða umhverfis.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 3. nóvember 2023.

Helga Þuríður Magnúsdóttir,
verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði.